

RE: Mörk sveitarfélaganna

Til : Haraldur Birgir Haraldsson
Frá : Anton Kári Halldórsson <anton@hvolsvollur.is>
Heiti : RE: Mörk sveitarfélaganna
Málsnúmer : 1608033
Málsaðili : Rangárþing ytra
Skráð dags : 07.12.2016 08:34:02
Höfundur : Anton Kári Halldórsson <anton@hvolsvollur.is>

Sælir.

Besta mál. Eftirfarandi umsagnarbeiðnir voru teknar fyrir á skipulagsnefndarfundum í síðustu viku. Sveitarstjórn á að vísu eftir að staðfesta þær núna á föstudag.

SKIPULAGSMÁL:

1. 1611067 Rangárþing ytra - Ósk um umsögn við lýsingu aðalskipulagsbreytingar
Rangárþing ytra óskar eftir umsögn Rangárþings eystra við lýsingu aðalskipulagsbreytingar fyrir vindrafstöðvar í Þykkvabæ.
Skipulagsnefnd leggur til að hugað verði vel að umhverfismálum við útfærslu tillögunnar. Einnig hvetur nefndin til að haft verði viðtækt samráð við íbúa á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda, en áhrifa gætir að talsverðu leyti í Rangárþingi eystra.

2. 1610083 Rangárþing ytra - Ósk um umsögn við lýsingu aðalskipulagsbreytingar
Rangárþing ytra óskar eftir umsögn Rangárþings eystra við lýsingu aðalskipulagsbreytingar fyrir verslunar- og þjónustusvæði að Uxahrygg.
Skipulagsnefnd bendir á að óvissa ríkir um um sveitarfélagsmörk á því svæði sem aðalskipulagsbreytingin tekur til. Æskilegt væri að sveitarfélögin ásamt landeigendum myndu yfirfara mörkin áður en fullmótuð breytingartillaga liggur fyrir.

Kveðja

Anton Kári Halldórsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþings eystra
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur
Sími: 487-1200 / 868-0542
www.hvolsvollur.is

-----Original Message-----

From: Haraldur Birgir Haraldsson [mailto:birgir@ry.is]
Sent: 7. desember 2016 08:10
To: Anton Kári Halldórsson
Subject: RE: Mörk sveitarfélaganna

besta mál og takk

Ég ætla að taka fyrir erindi vegna breytinga á landnotkun í landi Uxahryggs og búa það til auglýsingar. Það á ekki að koma í veg fyrir leiðréttingu á mörkunum síðar meir. Set bara gulmerkta punkt á svæðið.

Það verður erfiðara með deiliskipulag og ég fresta gerð þess þar til þetta verður komið á hreint.

Með kveðju,
Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella
Sími 488-7000

-----Original Message-----

From: Anton Kári Halldórsson [<mailto:anton@hvolsvollur.is>]
Sent: 1. desember 2016 14:38
To: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Subject: RE: Mörk sveitarfélaganna

Ekkert mál. Búin að senda þetta á Birki, sjáum hvað hann segir.

Kveðja

Anton Kári Halldórsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþings eystra
Ormsvelli 1
860 Hvolsvöllur
Sími: 487-1200 / 868-0542
www.hvolsvollur.is

-----Original Message-----

From: Haraldur Birgir Haraldsson [<mailto:birgir@ry.is>]
Sent: 29. nóvember 2016 08:58
To: Anton Kári Halldórsson
Subject: RE: Mörk sveitarfélaganna

Sælir

Já, áin hefur breytt sér. Málið er nefnilega að eigandi Uxahryggs er að stefna á byggingar gistiskála og svarta línán sker lóðina hans í tvennt.

Myndirðu vilja heyra í Birki sem fyrst og kanna þetta, svo við getum gert ráðstafanir. Við erum í endurskoðun á aðalskipulaginu og best að gera svona lagað strax.

Með kveðju,
Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella
Sími 488-7000

-----Original Message-----

From: Anton Kári Halldórsson [<mailto:anton@hvolsvollur.is>]
Sent: 29. nóvember 2016 08:55
To: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Subject: RE: Mörk sveitarfélaganna

Sælir.

Já ég var aðeins búin að reka augun í þetta. Þarna eru mörkin ekki alveg á hreinu. Þau hafa miðað við ána í gegnum tíðina, en auðvitað hefur hún verið að veltast aðeins á milli bakka og breytt sér. Ég held að það væri réttast að bera þetta undir landeigendur Móeiðarhvals og Uxahryggs. Birkir á Móeiðarhvoli er sveitarstjórnarmaður hér í eystra, hann ætti að vera með þetta nokkurn veginn á hreinu.

Kv. Anton Kári

From: Haraldur Birgir Haraldsson [birgir@ry.is]
Sent: Tuesday, November 29, 2016 8:43 AM
To: Anton Kári Halldórsson
Subject: Mörk sveitarfélaganna

Sæll félagi góður

Það er eins og komið sé fram misræmi í mörkum sveitarfélaganna við Uxahrygg í ytra og Móeiðarhvals í eystra. Við þyrftum að skoða þetta saman áður en lengra er haldið.

Áttu eitthvað um línuna sem þið notið?

[[cid:image001.jpg@01D24A1C.99F78180](#)]

Með kveðju,

Har. Birgir Haraldsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Rangárþing ytra

Suðurlandsvegi 1-3

850 Hella

Sími 488-7000